FLÓAHREPPUR Aðalskipulag 2017 - 2029
Hjálmholt - Merkurhraun

Breyting á legu frístundasvæðis
9. apríl 2025



Aðalskipulag Flóahrepps 2017 - 2029 m.s.br. mkv. 1 : 50.000 (A3)



Aðalskipulag Flóahrepps 2017 - 2029 m.s.br. eftir breytingu

Mörk aðalskipulagsbreytingar

SKÝRINGAR

ATVINNA OG BYGGÐ

- Vþ — Verslun- og þjónusta
- L — Landbúnaðarsvæði
- SL — Skógrækt og landgræðsla

TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Landbúnaðarland flokkur I og II

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir
- Slóðar
- Reiðleiðir
- Reiðhjólaleiðir
- Undirgöng
- Raflínur 66-220 kV
- Vatnsveita
- Ljósleiðari

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- Svæði á náttúruminjaskrá
- Hverfisvernd
- VB3 — Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði

Aðalskipulagsbreyting

Aðalskipulagsbreyting þessi, nær yfir um 99 ha lands.

Í núverandi staðfestu aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 m.s.br. er á svæðinu, gert ráð fyrir að frístundabyggð, merkt F22 og er um 60 ha að stærð og um 39 ha sem landbúnaðarsvæði.

Í aðalskipulagsbreytingu þessari er gert ráð fyrir að landnotkun á svæðinu verði breytt, þannig að lögun frístundasvæðisins, sem merkt er F22 og er um 60 ha að stærð, muni liggja meðfram Hvítá til vesturs, en stærð svæðisins verður óbreytt. Í aðalskipulagsbreytingu þessari eru ekki gerðar neinar breytingar á greinargerð Aðalskipulagsins.

Deiliskipulag sem ráðgert er að vinna fyrir svæðið verður unnið í samræmi við þau markmið og leiðir sem fjallað er um á bls. 8 og 9 í Aðalskipulagi Flóahrepps 2017 - 2029 m.s.br. Ennfremur er tafla á bls. 9 í greinargerð aðalskipulagsins þar sem er eftirfarandi umfjöllun, sem hafa ber í huga við deiliskipulagsgerð á svæðinu:

Frístundabyggð

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð	Staða
F22	Merkurhraun	Við gerð deiliskipulags og hönnun fráveitu þarf að taka tillit til þess að hluti svæðisins er innan vatnsverndarsvæðis í flokki 3. Ísor hefur gert úttekt á vatnsverndarsvæði í Merkurhrauni. Þar kemur fram að huga þarf vel að fráveitu og umhverfismálum á svæðinu. Ef þurfa þykir skal í deiliskipulagi setja ákvæði um umgengni um svæðið, í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Stærð svæðis er um 60 ha.	Hjálmholt	Óbyggt.

Við staðsetningu húsa og alla mannvirkjagerð á svæðinu skal hafa í huga að samkvæmt kortsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) er á skipulagssvæðinu hraun sem nefnist Þjórsáhraun og fellur það undir a, lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi".

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem kynnt hefur verið samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst samkvæmt 31. gr. sömu laga var samþykkt í sveitarstjórn þann 20

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann..... 20

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í.
Laugaveg 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 ima@simnet.is